

Yfirskrift	Stjórnarfundur FFR				
Stjórnarfundur nr. 05 2018	5	Dagsetning	19. júní 2018	Tími	12:00 – 13:30
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík				
Fundarstjóri	GP				
Ritari	JÁJ				
Mættir (fjarverandi)	GP, HÓS, MH, KLÁ, , MG, ÁG, SJ og JÁJ.				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	JÁJ				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 19. júní 2018

1. Skipan stjórnar

Nýr formaður bauð stjórnarmenn velkomna til starfa og kvaðst hlakka til samstarfsins með því öfluga fólki sem í stjórn félagsins sætu.

GP lagði til að staðgengill formanns yrði Margrét Hauksdóttir, féhirðir yrði Kristín Linda Árnadóttir og ritari Ársæll Guðmundsson. Tillagan samþykkt af öllum stjórnarmönnum.

2. Staða verkefna

GP gerði grein fyrir því að hann og JÁJ hefðu farið á fund til KMR í síðustu viku þar sem þau hittu Gunnar Björnsson og Guðrúnu Jóhönnu Guðmundsdóttur. GP gerði stjórninni grein fyrir því hvað hefði verið rætt á þeim fundi og að fyrirhugað væri að halda uppýsingafund með félagsmönnum FFR. KLÁ taldi mikilvægt að ekki yrði boðað til fundar nema grunnmatið sé tilbúið og dagsetningar vegna innleiðingar í lagi. Í kjölfarið urðu almennar umræður um kjör og réttindi / réttindaleyfi forstöðumanna.

Samþykkt að senda bréf til KMR og ítreka það sem fram kemur í bréfi FFR sem sent var til KMR 3. maí sl., en engin svör hafa borist við því bréfi.

GP upplýsti að hann og JÁJ hefðu setið fund með fulltrúa Franklin Covey, en þau munu halda vinnustofu í ágúst fyrir forstöðumenn og stjórnendur í opinberri þjónustu. Samþykkt að vinnustofan muni ekki verða haldin í samstarfi við FFR.

3. Staða fjárhags og áætlunar

KLÁ gerði grein fyrir því að verið væri að vinna í drögum að fjárhagsáætlun og mun hún kynna fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfundum.

Samþykkt að JÁJ fengi prókúru á reikninga félagsins.

4. Fundartíðni stjórnar og dagsetningar

Samþykkt að stjórnin muni alltaf funda í hádeginu á fyrsta þriðjudegi hvers mánaðar. Næsti fundur stjórnar verður hins vegar þriðjudaginn 14. ágúst nk. GP upplýsti stjórnarmenn um það að hann muni vera í Svíþjóð allan október mánuð hjá sænsku vinnumálastofnuninni í nokkurs konar vinnuskiptum.

5. Heimsókn Steingríms Ara Arasonar, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands

Steingrímur Ari Arason kom á fund stjórnar og gerði grein fyrir samskiptum sínum og bréfaskriftum við sitt fagráðuneyti og KMR.

Almennar umræður urðu og stjórnarmenn sammála um að FFR þurfi að marka sér stefnu varðandi það hvernig og hvenær félagið getur haft aðkomu að málum einstakra félagsmanna.